

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1967

6. janúar 1967.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 81/1965.

Forseti Íslands féllst hinn 6. janúar 1967 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá 17. júní 1958 með áorðinni breytingu samkvæmt reglugerð nr. 81 frá 2. september 1965:

1. gr.

Við d-lið 55. gr. bætist svofelld ákvæði:

Heimspékideild getur heimilað stúdent, er les til kándíðats- eða meistaráprófs í íslenskum fræðum skv. 53. gr., I. lið, reglugerðar nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, að ljúka síðara hluta prófs í þremur áföngum, einni prófgrein í hverjum, enda hljóti stúðentinn tilskilda lágmarksmeðaleinkunn skv. 68. gr. í hverju áfangaprófi (en auk þess 1. einkunn úr öllum þremur áfangaprófum samanlögðum, skv. 53. gr. I, B, 3. mgr., sé um meistarápróf að ræða).

Síðasti áfanginn skal ætíð vera próf í kjörsviðsgrein, og skal stúðent ljúka því í síðasta lagi á fjórða misseri, talið frá og með því misseri, er hann gengur undir fyrsta áfangapróf. Ef út af bregður, fellur hvort áfangaprófið (þ. e. próf fyrsta og annars áfanga) úr gildi í lok fjórða misseris, talið frá og með því misseri, er stúðentinn gekk undir það í fyrsta sinn.

Stúðent er heimilt að ljúka prófum fyrsta og annars áfanga áður en hann skilar kjörsviðsritgerð.

Á sama hátt getur deildin heimilað stúðent, er les til kándíðatsprófs í íslensku með aukagrein skv. 53. gr. II, að ljúka síðara hluta prófs í tveimur áföngum, og skal stúðent þá ljúka síðara áfanganum (prófi í kjörsviðsgrein) í síðasta lagi á þriðja misseri frá og með fyrra áfanga.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. janúar 1967.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.